



Golvakrylat

Vörunr. 5012

Lýsing

Golvakrylat (5012) er vatnsþynnanleg akrýlbundin gólfmálning á stein- og trégólf innanhúss þar sem krafist er málningar með meðalgott slitþol. Málningin er svo til lyktarlaus, létt í vinnslu og þornar fljótt. Málningin er hálfmött en er til glær með hærra gljástigi (**Golvakrylat Klarlack**). Málningin hentar vel til endurmálunar á flestar málningartegundir án þess að hætta sé á því að þær leysist upp.

Notkun

Golvakrylat (5012) hentar vel á kjallara, hjólageymslur og íbúðarhúsnæði, þar sem flötur verður fyrir meðalálagi. Sé óskað eftir hærra gljástigi skal nota **Golvakrylat Klarlack** í seinustu umferðirnar. Ef mikið álag er á fletinum er mönnum ráðlagt að nota vatnsþynnanlegt EPX-V Golvfärg í stað **Golvakrylat**.

Tæknilegar upplýsingar

Litir:	Glært eða samkvæmt litakerfi	Þynnir:	Vatn
Gljástig:	Hálfmatt (35) eða glært gljáandi (80)	Áhaldahreinsir:	Vatn
Pakkningar:	1, 4 og (5) lítra	Þurrktími:	2 klst - Glært Klarlack ½ klst - Litað
Eðlisþyngd:	1,1 kg/l	Yfirmálun:	Lágmark: 8 klst - Glært Lágmark: 3 klst - Litað Hámark: Ekkert
Efnisnotkun:	5-7 m ² /l - Glært Klarlack 6-8 m ² /l - Litað		
Þurrefni:	33 % (rúmmál) - Glært Klarlack 27 % (rúmmál) - Litað		

Undirmálun

Farið fyrstu umferðina með þynntu **Golvakrylat**.

Yfirmálun

Lakka má yfir **Golvakrylat** með **Golvakrylat Klarlack**.

Áhöld

Rúlla eða pensill. Hreinsið áhöld með vatni strax að lokinni notkun.

Vinnutilhögun

Nýmálun

Viðargólf: Fjarlægið ryk og önnur óhreinindi. Grunnið með **Golvakrylat** þynntu 10-20 % með vatni. Málið 1-2 umferðir með óþynntu **Golvakrylat**.

Steingólf: Steingólf þurfa að vera minnst 4 vikna gömul áður en þau eru máluð. Fjarlægið fitu o.þ.h. með olíuhreinsum. Laust bundna sementshúð í yfirborði þarf að fjarlægja og er það best gert með saltsýruþvotti (kynnið ykkur aðferðir við saltsýruþvott fyrir notkun). Grunnið með 1 umferð af **Golvakrylat** þynntu 50 % með vatni. Málið 1-2 umferðir með óþynntu **Golvakrylat**.

Endurmálun

Þrifið með Málningarhreinsi (6208) og skolið vandlega með vatni. Mattslípið gljáandi fleti með sandpappír. Málið 1-2 umferðir með **Golvakrylat**.

Gljáandi yfirborð og flögur

Ef óskað er gljáandi áferðar er seinasta umferðin lökkuð með **Golvakrylat Klarlack**. Ef óskað er eftir flögum í lakkið er það gert á eftirfarandi máta. Stráið flögunum í blautt lakkið. Það þarf um 100 g af flögum á hverja 4 m². Eftir u.þ.b. 8 klst skal sópa með strákústi yfir flögurnar og hreinsa burt allt ryk. Málið 1-2 umferðir með **Golvakrylat Klarlack**.

Athugasemdir

- Málið ekki fleti kaldari en +5°C.
- Flögur fást í 200 g og 400 g pakkningum.

Varúðarmerkingar

Við venjulega vinnu með **Golvakrylat** telst hættan á heilsutjóni vera lítil. Varist að anda inn sprautuúða. Komist efnið í snertingu við auga skal skola það strax með vatni í a.m.k. 10 mínútur.

Geymist þar sem börn ná ekki til.